

Fundargerð 543

Fimmtudaginn 21. nóvember 2024 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fjarfundar. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Óli Halldórsson (ÓH) formaður, Guðný Hildur Magnúsdóttir (GHM), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Haraldur Benediktsson (HB), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Oddný Árnadóttir (OÁ).

Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Eliasson (AME) forstjóri, Erla Hrund Þórarinsdóttir (EHP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárlið 2), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Pétur Friðjónsson (PF) sérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárlið 1 og 7), Reinhard Reynisson (RR) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 1), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

- Aflamark Byggðastofnunar
 - Verklagsreglur um aflamark Byggðastofnunar - til afgreiðslu
 - Val á byggðarlögum - til afgreiðslu
- Áhættuskýrsla þriðja ársfjórðungs - til kynningar
- Heimild til lántöku - til afgreiðslu
- Drög að rekstrar- og starfsáætlun 2025 - til umræðu
- Endurskoðun á stefnu um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka - til afgreiðslu
- Óstaðbundin störf og einkageirinn - til kynningar
- Uppbygging atvinnuhúsnæðis í viðkvæmri byggð - til afgreiðslu
- Lánamál
 - Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
 - Málskot til stjórnar - til afgreiðslu
- Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
- Umsögn um fjárlagafrumvarp 2025 - til kynningar
- Önnur mál
- Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Aflamark Byggðastofnunar

a. Verklagsreglur um aflamark Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur Aflamark Byggðastofnunar - verklagsreglur um úthlutun aflamarks án vinnsluskyldu og reglugerðir 643/2016 og 1256/2024 sem HÁ kynnti.

Vegna setningar reglugerðar nr. 1256/2024 um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda án vinnsluskyldu er nauðsynlegt að settar séu verklagsreglur um úthlutun á Aflamarki Byggðastofnunar án vinnsluskyldu. Byggja verklagsreglurnar á eldri verklagsreglum um úthlutun á Aflamarki Byggðastofnunar sem samþykktar voru 6. júní 2024.

Til máls tóku ÓH, HÁ, HB og GHM.

Formaður bar upp verklagsreglur um úthlutun aflamarks án vinnsluskyldu og voru þær samþykktar samhljóða.

b. Val á byggðarlögum - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað Péturs Friðjónssonar og Reinhards Reynissonar um nýja úthlutun aflamarks Byggðastofnunar í Grímsey og lok fyrri úthlutunarferlis auk reglugerðar nr. 1256/2024 um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda án vinnsluskyldu og fundargerð aflamarksnefndar nr. 38 sem AME og RR kynntu.

Með auglýsingu 13. maí sl. auglýsti stofnunin eftir samstarfsaðilum um nýtingu aflamarks Byggðastofnunar skv. reglugerð nr. 643/2016 í Grímsey og 11 öðrum byggðarlögum. Sex umsóknir bárust frá Grímsey en strax ljóst að þær uppfylltu ekki með ásættanlegum hætti þau viðmið um mat umsókna sem tilgreind eru í 2. gr. reglugerðarinnar, einkum hvað varðar trúverðugum áformum um vinnslu, öfluga starfsemi til lengri tíma og jákvæð áhrif á atvinnulíf og samfélag.

Nú liggur fyrir ný reglugerð, nr. 1256/2024 sem birtist í Stjórnartíðindum 8. nóvember sl. um meðferð aflaheimilda Byggðastofnunar án vinnsluskyldu. Mikilvægustu breytingarnar frá fyrri reglugerð liggja í því að landfræðilegar aðstæður eru skilgreindar með tilteknum hætti og fellur Grímsey eitt byggðarlaga þar undir. Þá er vinnsluskylda á afla í byggðarlaginu felld niður en skylt er að landa honum og slægja í byggðarlaginu sé honum landað óslægðum og skal hann þá seldur á fiskmarkaði.

Í framhaldi af setningu hinnar nýju reglugerðar var nauðsynlegt að ljúka því stjórnarsýslumáli sem hófst með auglýsingunni 13. maí sl. Leitaði stofnunin eftir því við umsóknaraðila hvort þeir myndu dragar umsóknir sínar í því ferli til baka og hafa þeir allir með tölvupósti tilkynnt henni að svo sé. Er því stjórnarsýslumáli því lokið.

Fyrir liggur nú að auglýsa eftir samstarfsaðilum um nýtingu á aflamarki stofnunarinnar á grundvelli hinnar nýju reglugerðar. Á fundi Aflamarksnefndar 18. nóvember sl. var samþykkt að leggja til við stjórn að auglýst yrði eftir samstarfsaðilum í Grímsey um nýtingu á allt að 300 þorksígildistonnum til næstu þriggja fiskveiðiára, 2024/2025, 2025/2026 og 2026/2027 á grundvelli nýrrar reglugerðar nr. 1256/2024. Í ljósi þeirra nýju sérákvæða sem er að finna í reglugerðinni er talið rétt að auglýsa ekki til lengri tíma á meðan reynsla fæst á virkni þeirra. Þá er einnig til þess að líta að með niðurfellingu vinnsluskyldu er ekki þörf á fjárbindingu í vinnsluhúsnæði og tækjum sem gerir meiri kröfu um fyrirsjáanleika til lengri tíma.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

PF og RR viku af fundi.

2. Áhættuskýrsla þriðja ársfjórðungs - til kynningar

EHP kom inn á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla þriðja ársfjórðungs 2024 sem EHP kynnti. eru allar áhættur innan þeirra áhættumarkmiða sem sett eru í áhættustefnu stofnunarinnar.

Til máls tóku AME, ÓH og HP.

EHP vék af fundi.

3. Heimild til lántöku - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns rekstrarsviðs þar sem óskað er eftir heimild til lántöku upp á 2 ma.kr. til að fjármagna lánveitingar stofnunarinnar sem MH kynnti.

Heimild til aukinnar lántöku var samþykkt fjárukalögum 2024 sem samþykkt voru á Alþingi 18. nóvember sl.

Lagt er til að stjórn heimili forstjóra að undirrita skuldbréf vegna lántöku hjá Endurlánum ríkissjóðs að fjárhæð allt að 2,0 milljarðar króna byggt á heimild í fjárukalögum 2024 með lánstíma frá 15 til 20 ára sem geti verið í íslenskum krónum, evru eða dollar eins og þörf er á.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

4. Drög að rekstrar- og starfsáætlun 2025 - til umræðu

Fyrir fundinum liggja drög að rekstrar- og starfsáætlun 2025 sem AME, SEP, HP, og MH kynntu.

Verður endanleg rekstrar- og starfsáætlun vegna ársins 2025 lögð fyrir stjórn til samþykktar á fundi stjórnar 16. desember nk.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk AME og SEP.

Umræður urðu um stefnu og leiðbeiningar um óstaðbundin störf innan stofnunarinnar og í einkageiranum, áhrif kílómetragjalds á landsbyggðina, notkun gervigreindar hjá stofnuninni, endurfjármögnun útlána og vaxtakjör stofnunarinnar.

Gert var hlé á fundi milli kl. 10:40-10:48.

5. Endurskoðun á stefnu um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka - til afgreiðslu

PF kom á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns lögfræðisviðs og ábyrgðamanns peningabættis um uppfært áhættumat Byggðastofnunar og stefna um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem HÁ kynnti.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka skulu eftirlitsskyldir aðilar hafa skjalfesta stefnu, stýringar og verkferla til að draga úr og stýra áhættu sem stafar af peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Byggja skal stefnu, stýringar og verkferla á áhættumati skv. 5. gr. Ráðstafanir tilkynningarskyldra aðila samkvæmt þessu ákvæði skulu vera í samræmi við stærð, eðli, umfang og margbreytileika í starfsemi tilkynningarskylds aðila. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar skal stefna samþykkt af stjórn.

Samkvæmt áhættumatinu sem uppfært var nýlega er hætta á peningabætti tengdu útlánastarfsemi Byggðastofnunar lítil. Megináhættan er falin í því að hugsanlega séu fjármunir sem aflað er með ólögum starfsemi nýttir til afborgana af lánum stofnunarinnar. Fylgst er með óreglulegum innborgunum og uppgreiðslum.

Formaður bar upp stefnu Byggðastofnunar um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og áhættumat stofnunarinnar. Samþykkt samhljóða.

6. Óstaðbundin störf og einkageirinn - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns þróunarsviðs um óstaðbundin störf í einkageiranum en málið var áður á dagskrá stjórnar 24. október sl.

Til máls tóku ÓH, GHM og HB,

Stjórn Byggðastofnunar hefur á fundi í október sett af stað vinnu, á grunni minnisblaðs stjórnarformanns, við útfærslu hvetjandi verkefnis um tilfærslu óstaðbundinna starfa í einkageiranum út í byggðir landsins. Fyrir liggur að samráð hefur verið haft við innviðaráðuneytið um málið og ræddar leiðir til að koma málinu til framkvæmdar, m.a. í samhengi við þróun stefnumarkandi byggðaáætlunar.

Stjórn telur mikilvægt að flýta eins og kostur er hvetjandi aðgerðum til færa óstaðbundin störf út í byggðir landsins byggt á minnisblaði sem lagt var fyrir stjórn 24. október sl. Í ljósi þess er forstjóra falið að senda erindi til innviðaráðuneytis þar sem þess er farið á leit að fundinn verði farvegur til að koma þessu máli til framkvæmdar sem fyrst.

Samþykkt samhljóða.

7. Uppbygging atvinnuhúsnæðis í viðkvæmri byggð - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstjóra og forstöðumanni fyrirtækjasviðs um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis sem HP og PF kynntu.

Lagt er til að lagt sé af stað með byggingu á einu atvinnuhúsnæði í fyrirfram ákveðnum byggðakjarna skv. leið 2 í framlögðu minnisblaði með allt að 150 m.kr. framlagi frá Byggðastofnun í formi hlutafjár í eignarhaldsfélagi um fasteignina.

Til máls tóku HB, GHM, ÓH og AME.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

PF vék af fundi.

8. Lánamál

a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 39/24-42/24 sem HP reifaði

b. Málskot til stjórnar - til afgreiðslu

...

9. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna sk. starfsáætlun og yfirlit yfir stöðu rekstrar 31. október sl. sem SEÞ og HÁ kynntu.

Til máls tók KB.

10. Umsögn um fjárlagafrumvarp 2025 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur umsögn Byggðastofnunar um fjárlagafrumvarp fyrir árið 2025 sem sent var fjárlaganefnd Alþingis 7. október sl. sem AME og SEÞ kynntu.

Til máls tók HB.

11. Önnur mál

Formaður minnti á að efni sem rædd hafa verið á fundi gætu átt heima í starfsáætlun.

12. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 16. desember nk. og verður fjarfundur.

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 12:00

Magnús Helgason, fundarritari.

Óli Halldórsson

Guðný Hildur Magnúsdóttir

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Haraldur Benediktsson

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Oddný Árnadóttir